

Borgarráð

Fyrirhuguð þátttaka borgarstjóra í leiðtogafundinum One Planet Summit í París þann 12. desember 2017

Fyrirhuguð er þátttaka borgarstjóra í leiðtogafundinum *One Planet Summit* í París í Frakklandi þann 12. desember næstkomandi. Fundurinn er haldinn að frumkvæði Emmanuel Macron forseta Frakklands en auk hans munu Jim Yong Kim forseti Alþjóðabankans og António Guterres aðalritari Sameinuðu þjóðanna flytja lykilávörp. Tilgangur fundarins er að ræða þær áþreifanlegu aðgerðir sem ráðast þarf í svo ná megi settum markmiðum Parísarsamningsins sem samþykktur var fyrir tveimur árum og verður megináhersla lögð á að ræða hvernig aðilar sem höndla með fjármál, jafnt í opinbera geiranum og einkageiranum, geti nýtt sér nýskapandi lausnir til að styðja við og hraða aðgerðum í baráttunni við loftslagsbreytingar. Rædd verða þrjú meginmarkmið: áþreifanlegar sameiginlegar aðgerðir; nýsköpun; og gagnkvæmur stuðningur. Dagskrá fundarins má sjá á vefslóðinni: <https://www.oneplanetsummit.fr/en/>

Dagur B. Eggertsson